



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI

AKUREYRI MUSEUM

Skipulagsráð
Ráðhúsi Akureyrarbæjar
Geislagötu 9
600 Akureyri

Umsögn varðandi áform um byggingu bílgeymslu áfast við Helgamagrastræti 9 Akureyri

Í tölvupósti 26. júlí sl. var óskað eftir umsögn Minjasafnsins varðandi byggingu bílgeymslu áfast við hús nr. 9 við Helgamagrastræti. Samkvæmt meðfylgjandi teikningum er um að ræða viðbyggingu við norðvesturhorn hússins sem verði alls 35,5 ferm. að stærð með hámarksvegg hæð 3,5 m. yfir gólfplötu.

Húsið fellur ekki undir lög um menningarminjar sökum aldurs en nýtur hverfisverndar samkvæmt ákvæðum núgildandi Aðalskipulags. Í greinargerð með Aðalskipulagi er lögð áhersla á að ytra form húsanna við Helgamagrastræti 3-11 og 2-6 haldist óbreytt, ekki megi hækka húsin og viðbyggingar megi ekki spilla yfirbragði húsanna eða götumyndinni.

Niðurstaða:

Minjasafnið gerir ekki athugasemd um byggingu bílgeymslu í samræmi við framlagðar fyrirspurnarteikningar frá Kollgátu en með þeim fyrirvara að ekki er um endanlegar útlitsteikningar að ræða. Samkvæmt fyrirspurnarteikningum er tenging bílgeymslunnar við aðalhúsið varfærin og þak einhalla með steypum kanti á þrjá vegu í samræmi við þak og stíl aðalhússins. Staðsetning bílgeymslu á baklóð spillir ekki yfirbragði hússins og hefur óveruleg áhrif á götumyndina.

- Þrátt fyrir að Minjasafnið geri ekki athugasemd við fyrrnefnda framkvæmd er mikilvægt er að stuðla að varðveislu þessarar merku heillegu húsaraðar vð Helgamagrastræti og umgangast hana af varfærni og virðingu fyrir yfirbragði, upprunaleika og byggingarstíl í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Akureyrarbæjar.

23. ágúst 2022

fh. Minjasafnsins á Akureyri

Hanna Rósa Sveinsdóttir